

Fundur í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík 7. desember 2023.

Mætt: Bjarni Hinriksson formaður stjórnar (á TEAMS), Erlendur Hjaltason, Logi Bjarnason, Edda Kristín Sigurjónsdóttir og Bergþóra Guðnadóttir, auk Áslaugar Thorlacius skólastjóra.

Efni fundarins er skv. starfsáætlun. Fyrsta mál er þó að bjóða Bergþóru og Eddu Kristínu velkomnar til starfa en þær voru kosnar inn í varastjórn á framhaldsaðalfundi skólans sem haldinn var mánudaginn 20. nóvember s.l.

1. Starfsáætlun fyrir komandi ár

Starfsáætlun stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík fyrir árið 2023-24, lögð fram til samþykktar á stjórnarfundum 7. desember 2023. Samþykkt að fundum verði fækkað í sjö en að sjálfsgöðu má setja inn aukafundi ef tilefni verður til. Lagt er til að fundir verði í síðustu viku mánaðar í stað þeirrar fyrstu. Áætlunin er fyrir aftan formlega fundargerð.

2. Starfsmannamál

Þórunn María Jónsdóttir hefur verið ráðin í 80% starf yfirkennara listnámsbrautar. Það ríkir almenn ánægja með þá ráðstöfun enda hefur Þórunn áður starfað við skólann og nýtur trausts. Einar verður við störf fram að jólafríi en hans samningur rennur út um jólin. Mögulega kemur hann þó strax inn sem kennari í janúar.

Steingerður hélt einstaklingsfundi með öllum föstum starfsmönnum í nóvember. Hún ætlar að halda hópfund með starfsfólki í vikunni eftir jólaboðið. Áslaug frestar þá sínum samtölum fram yfir áramótin. Gísli sendir út sínar tvær kannanir í febrúar, aðra til fastra starfsmanna og hina til kennara.

3. Samningurinn við ríkið

Svohljóðandi póstur barst frá Árna Jóni fjármálastjóra ráðuneytisins í morgun Sæl,

Samningurinn er vonandi að fá samþykki Fjármálaráðuneytisins fljótlega eftir helgina, en málið tafðist hjá þeim vegna annarrar umræðu fjárlaga. Þegar samþykki þeirra er komið verður samningurinn tilbúinn til undirritunar. Kveðja, Árni

4. Húsnæðismál – húsnæðiskaup og Húsfélagið Hringbraut 121

Í morgun barst póstur frá Ríkiskaupum þar sem ríkið fellst á að selja skólanum Rauðarárstíg 10 og fer ekki lengur fram á hærra kaupverð en tilboð okkar hljóðaði upp á. Tilboðið stendur til 15.12

Skólinn er með samþykkt tilboð frá Fiðluhúsi, fyrirvarinn rennur út 10. desember. Það mun þurfa að framlengja hann því þótt ekki sé sérstakur fyrirvari í tilboðinu um niðurstöðu lögbanns sem Skúli í Subway hefur fengið á búsetu erlendra verkamanna og flóttamanna sem hann segir ekki samrýmast ákvæðum um nýtingu hússins er ljóst að fjármögnun kaupanna er algjörlega háð því að leigusamningur við ríkið taki gildi. Síðasta mánudag var haldinn fundur í húsfélaginu þar sem meirihluti eigenda (skólinn og Íslandsbanki) samþykkti breytt afnot húseignarinnar. Benedikt sat fundinn fyrir hönd skóllans. Nú er málið komið fyrir héraðsdóm en lögbannið gildir. Upp hefur komið sú hugmynd að besta leiðin til þess að losna við lögbannið sé að Staðarfjalli, félagi Skúla verði gert gott kauptilboð sem taki mið af verði á eignum á svæðinu. Almennt er talið best að slíkt tilboð komi frá skólanum, það verði með fyrirvara um fjármögnun og framsalsheimild en í raun sé það Fiðluhús sem muni kaupa neðstu hæðina ef af verður. Ef Staðarfjall hafnar tilboðinu sé félagið með mun verri stöðu gagnvart Héraðsdómi því

krafa Skúla byggist á þeim rökum að hann verði fyrir fjárhagslegu tjóni af búsetu erlendra verkamanna og flóttamanna. Benedikt Ólafsson er mjög hlynntur þeirri uppstillingu og segir að gera þurfi eftirfarandi:

Stjórn veiti skólastjóra umboð til þessara ráðstafana.

Skólastjóri geri tilboð með fyrirvara um fjármögnun og framsalsheimild kaupsamnings með 3-5 daga tilboðsfresti.

Fyrirvari um fjármögnun og verð að samráði við Gabríel.

Ganga þarf frá samkomulagi við Gabríel um dæmið.

Stjórn samþykkir að veita skólastjóra umboð til að gera tilboð í umrætt húsnæði að því gefnu að það inniberi ofangreinda fyrirvara og heimildir og að gengið verði frá samkomulagi um kaup Fiðluhúss á eigninni gangi kaupin eftir.

5. Önnur mál

Innra mat – fundir skólastjóra með nemendum

Áslaug átti fundi með öllum nemendahópum í dagskóla. Hún er ein með nemendum á þessum fundum og spyr opinna spurninga. Fundirnir skila góðum árangri varðandi ýmis smáatriði sem hægt er að lagfæra strax, t.d. að setja upp spegil á salerni eða skipta um talnakóða á hurðum o.þ.h. en geta einnig skilað mikilvægum upplýsingum um upplifun nemenda af náminu. Að þessu sinni höfðu flestir nemendahópar gott um flest að segja. Hinsvegar er ljóst að uppþotið í sjónlistadeild hefur bitnað beint á nemendum og sá grunur sem vaknað hafði um að kennarar hefðu verið að tala skólann niður við nemendur var staðfestur.

Fyrstu drög að rekstraryfirliti haustannar eru að fæðast/undirbúningur f. launahækkun Kallað hefur verið eftir síðustu kennslusamningum og væntanlega eru þeir allir að verða komnir inn. Fljótt á litið virðist áætlun Evu ganga eftir í stórum dráttum. Hún gerði ráð fyrir 27 milljón kr. afgangi en við þurfum að taka inn í myndina nokkur frávík, m.a. uppbótarsamninga við suma kennara sjónlistadeildar fram að vetrarfrí, mun hærri lögfræðikostnað en áætlun gerði ráð fyrir og einnig er líklegt að efnisinnkaup fari fram úr áætlun. En þetta er verkefni næstu daga og vikna og við væntum þess að verða komnar með góða yfirsýn fyrir næsta fund. Fyrstu samningar við kennara á vorönn verða trúlega gerðir miðað við núverandi launatölun en skýrt verður þá greint frá því að laun verði hækkuð frá og með áramótum, líka samningar með gömlu tölunni.

Lög skólans/skólafélagsins, endurskoðun

Áslaug leggur til að stjórn skólans og stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík leggist yfir lög og reglur beggja stofnana og endurskoði þær með hliðsjón af þeim vanda sem skólinn hefur glímt við. M.a. telur hún mikilvægt að huga vel að því hvernig stjórn skólans er samsett með breidd í huga.

Jólaboð

Sent hefur verið út boðskort með boði í jólaboð skólans. Það verður með öðru sniði en venjulega og ber sannarlega keim af þeim sparnaði sem skólinn stendur í. Við gerum ráð fyrir að kostnaður skólans verði á bilinu 250-300 þúsund en skólinn mun bjóða upp á kokkteilí fordrykk og niðurgreiða mat. Gestir greiða 2000 kr og koma með eigið borðvín/drykki með sér. Áslaugu finnst mikilvægt að halda árið út í sparnaði en fyrirkomulagið hefur verið gagnrýnt. Undanfarin ár hefur kennurum verið boðið í veislu að vori og er stefnt að því að halda því áfram og þá verði allt í boði skólans.

Fundi slitið

Starfsáætlun stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík fyrir árið 2023-24, samþykkt á stjórnarfundum 7. desember 2023.

Janúar

1. Starfsmannamál: Rekstrarstjóri kynnir niðurstöður sinna starfsmannasamtala
2. Rekstraráætlun nýhafins árs, rýnt í rekstrartölur haustanna
3. Launahækkun í samræmi við rekstrarniðurstöðu haustanna
4. Starfsáætlun skólans 2024-25
5. Gjaldskrá komandi skólaárs
6. Samningar við ríki/borg
7. Húsnæðismál
8. Önnur mál

Febrúar

1. Starfsmannamál
2. Samningar við ríki/borg
3. Húsnæðismál
4. Önnur mál

Mars

5. Starfsmannamál, samtöl skólustjóra við starfsfólk í janúar og niðurstöður kannana fyrirtækisins Gott og gilt
6. Samningar við ríki/borg
7. Húsnæðismál
8. Önnur mál

Maí

1. Starfsmannamál, jafnlaunavottun
2. Rekstraráætlun fyrir næsta rekstrarár (júlí 24-júní 25)
3. Niðurstöður kennslumats
4. Aðsókn í nám við skólann
5. Samningar við ríki/borg
6. Húsnæðismál
7. Önnur mál

Ágúst

1. Nýhafið skólaár
2. Undirbúningur fyrir aðalfund:
 - a. Stjórnarseta yfirfarin í stjórn skólans og félagi
3. Samningar við ríki/borg
4. Húsnæðismál
5. Önnur mál

September

1. Undirbúningur fyrir aðalfund:
 - a. Skýrsla stjórnar yfirfarin
 - b. Ársreikningur liðins árs yfirfarinn
2. Samningar við ríki/borg
3. Húsnæðismál
4. Önnur mál

Nóvember/Desember (Fyrsti fundur nýrrar stjórnar)

1. Starfsáætlun fyrir komandi stjórnarár
2. Starfsmannamál
3. Húsnæðismál

4. Samningar
5. Önnur mál

Fundi slitið
Fundargerð ÁTh

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK

WWW.MIR.IS @MYNDLISTASKOLINN

Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Erlendur Hjaltason

Edda Kristín Sigurjónsdóttir

Bergþóra Guðnadóttir